

Sjúkraliðafélag Íslands

og

SPOEX Samtök psoriasis og exemsjúklinga

Gera með sér eftirfarandi stofnanasamning

1. Starfaflokkun og grunnröðun

Þegar rætt er um sjúkraliða í samningi þessum er átt við starfsmann sem hefur heimild til að kalla sig sjúkraliða og til að starfa sem sjúkraliði samkv. lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.

Vegna breytinga á starfsemi og störfum innan Spoex geta orðið til ný störf sjúkraliða sem þarf að raða sérstaklega.

Röðun starfa í

lfl./þrep

Sjúkraliði á fyrsta og öðru starfsári-----15-1

Sjúkraliði eftir tvö ár -----17-1

Sjúkraliði með sérnám-----19-1

Deildarstjóri/Sjúkraliði ----- 21-1

Starfsþróun sjúkraliða á samningi Spoex

- Sjúkraliði, samkvæmt starfslýsingu
- Sjúkraliði sem, hefur lokið sérnámi
- Gildandi starfslýsingar fyrir framangreind störf verða unnar og munu fylgja samningi þessum.
- Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

2. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um röðun einstaklinga í launaflokka

- a. Sjúkraliði sem lokið hefur viðbótarmenntun sjúkraliða, einni önn á sérsviði, sem nýtist í viðkomandi starfi samkvæmt mati samstarfsnefndar SLFÍ og Spoex hækkar um 1 þrep.
- b. Sjúkraliði sem lokið hefur símenntun og fengið námskeiðsstundir metnar í samstarfsnefnd SLFÍ og Spóex (sbr. reglur matsnefndar) hækkar um eitt þrep fyrir 70 stunda nám, eitt þrep til viðbótar fyrir 140 stunda nám, eitt þrep til viðbótar fyrir 210 stunda nám og eitt þrep til viðbótar fyrir 280 stunda nám.
- c. Sjúkraliði í starfi hjá Spoex skal hækka sem hér segir:
Eftir 10 ár í starfi hjá Spoex hækkar sjúkraliði um einn launaflokk
Eftir 15 ár í starfi hjá Spoex hækkar sjúkraliði aftur um einn launaflokk

KAG

AL

Persónu- og tímabundnir þættir:

a) Sjúkraliði og deildarstjóri

Ef starfinu fylgir sérstök ábyrgð er heimilt að hækka starfsmann um eitt eða fleiri álagsþrep, tímabundið eða varanlega.

b) Launaráyni

Launaráyni skal unnin hjá öllum sjúkraliðum að lágmarki á tveggja ára fresti.

Í launaráyni skal sérstaklega litið til árangurs viðkomandi starfsmanns í starfi með hliðsjón af markmiðum sem sett hafa verið í starfsmannasamtölum annars vegar og starfsáætlun starfsstöðvar eða verkefnis hins vegar.

Niðurstaða launaráynis skal kynnt svo fljótt sem auðið er.

Réttur til endurmats á röðun

Í samræmi við stefnu Spoex, á sjúkraliði rétt á starfsmannasamtali á 18 mánaða fresti. Þar skal m.a. meta hvort starfslýsing sé rétt og þar með röðun starfs m.t.t. hvort breyting hafi orðið á starfi eða starfssviði frá því það var metið síðasta


Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. desember 2015.

Að öðru leiti er vísað til þess samkomulags sem Sjúkraliðafélag Íslands og Spoex hafa undirritað, um að kjarasamningur sem félagið hefur við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins gildi um sjúkraliða sem starfa hjá Spoex.

Reykjavík 3. desember 2015

f.h. Spoex með fyrirvara um samþykki stjórnar



f.h. Sjúkraliðafélags með fyrirvara um samþykki sjúkraliða



